

Aðalfundur 2007

Aðalfundur SFA 9. maí 2007 haldinn í Duushúsum í Reykjanesbæ.
20 manns mættir.

Hulda Björk Þorkeldsdóttir bauð fundargesti velkomna, Hólmkell Hreinsson setti fundinn og skipaði Margréti I. Ásgeirsdóttur fundarstjóra.

Margrét las þá yfir dagskrá fundarins og skipaði undirritaða fundarritara.

1. Skýrsla formanns, Hólmkels Hreinssonar. Engin athugasemd gerð við skýrsluna og formanni klappað lof í lófa.
2. Reikningsuppgjör s.l. árs. Margrét Aradóttir, gjaldkeri, átti ekki heimangengt svo Hólmkell gerði grein fyrir reikningunum. Þeir samþykktir einróma.
3. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar.
4. Kosning formanns, tveggja aðalmanna í stjórn og eins varamanns. Tillaga fráfarandi stjórnar um að nýja stjórnin kæmi frá Borgarbókasafni Reykjavíkur. Tillögur um stjórn: Áslaug Ottósdóttir, formaður, Dóra Thoroddsen, ritari, Lilja Ólafsdóttir, gjaldkeri og Sólveig Arngrímsdóttir, varamaður. Þær kosnar með lófaklappi.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs. Tillaga: Erla Kristín Jónasdóttir og Óskar Guðjónsson. Þau kosin með lófaklappi.
6. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um félagsgjöld. Fjárhagsáætlun 2007-2008 lögð fram. Orðið gefið laust um hvort hækka átti árgjald. Núna er það 6.000 kr. Hólmkell lagði til að hækka þau upp í 7.000 kr. Fundarstjóri bar upp fjárhagsáætlun 2007-2008. Hún var samþykkt. Síðan var borin upp hækkun á árgjaldi upp í 7.000 kr. Samþykkt.
7. Önnur mál. Stjórnin kom ekki með neitt undir þann lið. Barbara sagði frá sögðu "lestrardagbókarinnar" og Marta Hildur Richter þakkaði fráfarandi stjórn velunnin störf.

Formaður sleit fundi.

Gestgjafar buðu til veitinga að fundi loknum og Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar, fræddi þá um húsin og sýningarnar.

Ingibjörg Hjartardóttir
fundarritari.